

Starfskjarastefna fyrir Isavia ohf.

1. Tilgangur

Starfskjarastefna Isavia ohf. er sett samkvæmt 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 3. gr. laga nr. 89/2006, og byggir hún á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja, almennri eigandastefnu ríkisins, jafnréttissjónarmiðum langtímahagsmunum félagsins og háþöfnun arðsemi fyrir hluthafa félagsins.

Markmið Isavia ohf. er að laða að, hvetja og halda í framúrskarandi starfsfólk og gera störf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti. Samkvæmt almennri eigandastefnu ríkisins skulu laun hjá félaginu vera samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi og taka mið af opinberu eignarhaldi.

Með starfskjarastefnu þessari vill félagið tryggja að þessum markmiðum verði náð auk þess að veita hluthöfum innsýn í stefnu félagsins varðandi starfkjör stjórnenda og stjórnarmanna.

2. Kjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun stjórnarmanna og varamanna þeirra skal ákveðin á aðalfundi ár hvert svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutafélög. Á aðalfundi skal jafnframt tekin ákvörðun um laun fyrir setu í undirnefndum stjórnar, byggt á tillögu starfskjaranefndar til stjórnar.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum fyrir komandi starfsár. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans og taka tillit til almennrar launaþróunar.

3. Starfskjör stjórnenda - framkvæmdastjórn

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra og framkvæmdastjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur skulu miða að því að laða að og halda í stjórnendur með faglega þekkingu og persónulega eiginleika sem nauðsynlegir eru til að stuðla að góðum árangri fyrirtækisins. Samsetning starfskjara skal vera einföld og gagnsæ. Ekki verða greiddir sérstakir árangurstengdir kaupaukar til stjórnenda eða starfsfólks.

Grunnlaun skulu endurskoðuð árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati á frammistöðu og launaþróunar á Íslandi.

Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

Stjórn ræður forstjóra en forstjóri ræður framkvæmdastjóra í samráði við stjórn félagsins.

4. Starfskjör framkvæmdastjóra dótturfélaga

Stjórn Isavia setur viðmið varðandi laun framkvæmdastjóra dótturfélaga Isavia sem stjórnir þeirra fylgja. Við ákvörðun starfskjara gilda almennt gilda sömu sjónarmið og rakin eru í 1. og 3. gr.

5. Upplýsingagjöf

Gera skal grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

6. Samþykkt starfskjarastefnu

Þessi starfskjarastefna Isavia ohf. er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess, mæli lög ekki fyrir um annað, og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávik til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Skal og gera næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Isavia ohf. 2023

Reykjanesbær, 22. mars 2023